Happdrætti Háskóla Íslands

Ársreikningur 2025

Happdrætti Háskóla Íslands
Kennitala 600169-3009
Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit **bls.**

Skýrsla stjórnar og forstjóra **2**
Áritun óháðs endurskoðanda **4**
Rekstrarreikningur **6**
Efnahagsreikningur **7**
Sjóðstreymi **8**
Skýringar **9**

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Happdrættis Háskóla Íslands (HHÍ) er móðurfélagsársreikningur HHÍ. Samhliða ársreikningi HHÍ er lagður fram samstæðuársreikningur HHÍ og dótturfélagsins Húseignarinnar Steindórsprents ehf.

Meginstarfsemi HHÍ

Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) var stofnað með lögum árið 1933 og fór fyrsti útdráttur fram 10. mars 1934. Tilgangur með stofnun happdrættisins er að afla fjár til húsbygginga Háskóla Íslands, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. HHÍ er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 13/1973 og starfrækir þrjú happdrættisform; flokkahappdrætti, skjávélahappdrætti undir heitinu Gullnáman og skyndihappdrætti undir heitinu Happaþrennan. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við samfélagið.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrareikningi námu hreinar happdrættistekjur 2.947 milljónum króna á árinu samanborið við 2.793 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 2.519 milljónir króna og hefur hækkað um 148 milljónir milli ára. Heildareignir í árslok nema 9.848 milljónum króna og eigið fé nemur 8.669 milljónum króna.

Rekstur gekk almennt vel í öllum deildum, þrátt fyrir að vísbendingar séu um að spilun sé að dragast lítillega saman. Á árinu var innleitt nýtt miðlægt tölvukerfi fyrir Gullnámuna sem leggur grunn að frekari þróun, m.a. innleiðingu rafræns spilakorts. Í Flokkahappdrættinu voru miðaeigendur að meðaltali um 45.000, hæsti vinningur ársins var 60 milljónir króna í Milljónaveltunni. Í Happaþrennunni voru teknir í notkun nýir sjálfsalar auk nýs sölu-og birgðakerfis sem hefur einfaldað ferla og bætt rekstur. HHÍ leggur ríka áherslu á ábyrga spilun. Á árinu gaf HHÍ út skýrsluna *Í takt við tímann* um stöðu peningaleikjamarkaðar á Íslandi og þróun hans í samanburði við nágrannaríki. Í skýrslunni er bent á að með uppfærðu regluverki væri unnt að styrkja neytendavernd, sporna við ólöglegri starfsemi og skapa sjálfbærari markað. Til að tryggja áframhaldandi tekjuöflun til uppbyggingu Háskóla Íslands telur stjórn mikilvægt að styrkja tekjustoðir HHÍ. Óbreytt rekstrarumhverfi, ásamt mögulegum takmörkunum á starfsemi Gullnámunnar gæti haft verulega neikvæð áhrif á framtíðartekjur HHÍ.

Stjórn HHÍ samanstendur af tveimur konum (67%) og einum karli (33%) og voru stjórnarformanns skipti um vorið. Fjöldi ársverka var 15,25 (2024: 13,66).

Það er álit stjórnar og forstjóra HHÍ að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu happdrættisins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Innleiðing laga nr.123/2015 um opinber fjármál fól í sér breytingar á reikningsskilum og umsýslu fasteigna í eigu ríkisins. Til að framfylgja kröfum laganna voru byggingar Háskóla Íslands færðar í sérstakt félag, Fasteignir Háskóla Íslands ehf. (FHÍ), árið 2021. Á árinu 2025 var unnið að breytingu á fyrirkomulagi ráðstöfunar ágóða HHÍ. Í stað beinna framlaga til Háskóla Íslands mun HHÍ veita FHÍ lán til fjármögnunar framkvæmda, innheimta af því vexti og ráðstafa þeim til Háskóla Íslands þannig að skólinn verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni af breyttu fyrirkomulagi. Samhliða þessum breytingum var HHÍ veitt undanþága frá fjármagnstekjuskatti sem tók gildi 1.janúar 2026. Í samræmi við framangreint, var þann 23.desember undirritaður lánssamningur milli HHÍ og FHÍ að fjárhæð sex milljarða króna sem kom til útborgunar í janúar 2026. Að auki greiðir HHÍ árlegt leyfisgjald í Ríkissjóð, 150 milljónar króna, sem rennur til innviðarsjóðs Rannís. Á árinu var ráðstafað beint til Háskóla Íslands 300 milljónum króna, sérstakt rekstrargjald, HHÍ greiddi til Háskóla Íslands 1.638 milljóna króna árið áður.

Eignaraðild

HHÍ er í eigu Háskóla Íslands sem er óbreytt frá fyrra ári.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar

Að bestu vitneskju stjórnar er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög um ársreikninga og gefur hann glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu HHÍ. Að auki geymir skýrsla stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri, stöðu HHÍ og lýsir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem HHÍ stendur frammi fyrir. Sjá einnig skýringu 18 um fjárhagslega áhættustjórnun. Stjórn HHÍ og forstjóri staðfesta hér með ársreikning HHÍ fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2026

Ari Karlsson
stjórnarformaður

Jenný Bára Jensdóttir
meðstjórnandi

Arnaldur Sölvi Kristjánsson
meðstjórnandi

Bryndís Hrafnkelsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Happdrættis Háskóla Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit
Við höfum endurskoðað ársreikning Happdrættis Háskóla Íslands („HHÍ“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu HHÍ 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits
Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð HHÍ í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum
Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstarhæfi og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa HHÍ upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Önnur mál
Ársreikningur Happdrættis Háskóla Íslands fyrir árið 2024 var endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers ehf. með fyrirvaralausri áritun. Dagsetning áritunar var 27. mars 2025.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins
Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits HHÍ.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi HHÍ. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert HHÍ órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27.mars 2026

Advant endurskoðun ehf.

Hinrik Gunnarsson
Löggiltur endurskoðandi

Ingunn H. Hauksdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Hreinar happdrættistekjur	3	4.017.344.237	3.893.802.370
Rekstur happdrættis		(1.070.700.409)	(1.100.448.638)
Hrein velta		2.946.643.828	2.793.353.732
Aðrar tekjur	4	22.224.692	21.122.923
Laun og launatengd gjöld	5	(281.029.929)	(226.162.742)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	15	(90.487.707)	35.590.792
Annar rekstrarkostnaður		(359.203.905)	(376.844.703)
Leyfisgjald	6	(150.000.000)	(150.000.000)
Afskriftir	8	(115.284.877)	(136.259.600)
Rekstrarhagnaður		1.972.862.102	1.960.800.402
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur	7	536.605.106	416.009.459
Afkoma af rekstri dótturfélags	9	9.552.592	(5.605.170)
Hagnaður ársins		2.519.019.800	2.371.204.691

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	2025	2024
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:			
Fasteignir og lóðir		77.112.934	79.446.742
Áhöld, tæki og innréttingar		367.542.808	307.508.674
Bifreiðar		16.884.727	3.520.493
	8	461.540.469	390.475.909
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í dótturfélagi	9	606.626.598	597.074.006
Fastafjármunir samtals		1.068.167.067	987.549.915
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	239.822.488	216.873.790
Aðrar skammtímakröfur	11	43.429.047	18.382.007
Markaðsverðbréf	12	8.040.625.247	6.100.297.681
Handbært fé	13	456.413.679	307.622.106
		8.780.290.461	6.643.175.584
Eignir samtals		9.848.457.528	7.630.725.499

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Höfuðstóll		8.969.474.301	8.088.454.501
Ráðstafað til Háskóla Íslands		(300.000.000)	(1.638.000.000)
	14	8.669.474.301	6.450.454.501
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lífeyrisskuldbinding	15	630.137.451	590.511.509
		630.137.451	590.511.509
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		72.873.862	63.321.411
Ógreiddir vinningar		62.396.889	48.855.574
Ríkissjóður vegna leyfisgjalds	6	150.000.000	150.000.000
Fyrirfram innheimtar tekjur	19	208.759.500	182.904.000
Aðrar skammtímaskuldir		54.815.525	144.678.504
		548.845.776	589.759.489
Skuldir samtals		1.178.983.227	1.180.270.998
Eigið fé og skuldir samtals		9.848.457.528	7.630.725.499
Viðskipti við tengda aðila	16		
Aðrar upplýsingar	17		

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Hagnaður ársins		2.519.019.800	2.371.204.691
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	115.284.877	136.259.600
(Hagnaður) tap dótturfélags	9	(9.552.592)	5.605.170
Lífeyrisskuldbinding	15	90.487.707	(35.590.792)
		2.715.239.792	2.477.478.669
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur, markaðsverðbréf		(1.988.323.304)	(732.259.156)
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(40.913.713)	(39.270.027)
		(2.029.237.017)	(771.529.183)
Handbært fé frá rekstri		686.002.775	1.705.949.486
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð efnislegra eigna	8	(186.349.437)	(87.076.323)
		(186.349.437)	(87.076.323)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiðsla lífeyrisskuldbindingar	15	(50.861.765)	(44.577.113)
Greiðslur til HÍ	14	(300.000.000)	(1.638.000.000)
Skuldir við tengda aðila, breyting		0	6.200.000
		(350.861.765)	(1.676.377.113)
Hækkun á handbæru fé		148.791.573	(57.503.950)
Handbært fé í byrjun árs		307.622.106	365.126.056
Handbært fé í árslok		456.413.679	307.622.106
Innborgaðir vextir		23.528.340	26.619.187
Greiddir vextir		0	0

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) var stofnað með lögum árið 1933 og fór fyrsti útdráttur fram 10. mars 1934. Tilgangur með stofnun happdrættisins er að afla fjár til húsbygginga Háskóla Íslands, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. HHÍ er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 13/1973 og starfrækir þrjú happdrættisform; flokkahappdrætti, skjávélahappdrætti undir heitinu Gullnáman og skyndihappdrætti undir heitinu Happaþrennan. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við samfélagið.

Happdrætti Háskóla Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið áður. Ársreikningurinn er lagður fram miðað við áframhaldandi starfsemi. Samhliða ársreikningi er lagður fram samstæðuársreikningur HHÍ og dótturfélagsins Húseignin Steindórsprent ehf.

Happdrættið flokkast sem meðalstórt félag í skilningi laga um ársreikninga.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlausn tekna

Happdrættið rekur þrjú happdrættisform og eru þau eftirfarandi:

Flokkahappdrætti
Flokkahappdrætti skiptist í 12 flokka á hverju ári. Mánaðarlega er dreginn út ákveðinn fjöldi hluta úr safni sem telur að hámarki 60.000 hluti og ræður hlutkesti valinu. Þátttakendur greiða endurnýjunarverð fyrir hlutamiða fyrir hvern flokk. Hver útdreginn hlutur veitir rétt til vinnings svo lengi sem greiðsla hafi borist Happdrættinu með skuldfærslu eða einstökum kaupum fyrir hvern útdrátt og hlutamiðinn telst gildur. Vinningar í happdrættinu eru dregnir út í aðalútdrætti og milljónaútdrætti þar sem, í þeim síðarnefnda er upphæð vinninga föst og fjöldi þeirra fyrirfram ákvarðaður í vinningaskrá. Áætlað vinningshlutfall er 70% af tekjum.

Tekjufærsla af flokkahappdrætti er innleyst við sölu eða endurnýjun á hlutamiðum í hverjum mánuði og vinningar eru gjaldfærðir sem hafa fallið á gilda miða í hverjum útdrætti. Um áramót eru tekjur vegna sölu happdrættismiða í janúar 2026 færðar sem fyrirfram innheimtar tekjur í lok árs 2025.

Skyndihappdrætti
Undir skyndihappdrættinu eru skafmiðar (Happaþrenna). Sótt er um útgáfu á nýjum flokki í Happaþrennu fyrir hvern nýjan skafmiða sem kemur á markað þar sem tiltekinn er fjölda miða í flokknum og vinningaskrá. Þátttakendur skafa hulið svæði á hverjum miða og kemur strax í ljós hvort vinning er að fá eða ekki. Undir skafreitnum er að finna QR kóða sem miðaeigandi getur skannað með Happinu og athugað með vinning og leggst vinningsfjárhæðin inn á bankareikning gegnum aðgang viðkomandi í Happinu. Vinningshlutfall er á bilinu 60-65%.

Tekjufærsla af skafmiðum er færð miðað við selda miða hjá umboðssölum hverju sinni og vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við útborgaða vinninga hverju sinni.

Skjávélahappdrætti
Skjávélahappdrætti (Gullnáman) virkar þannig að vinningur kemur strax í ljós, ef um hann er að ræða, þegar spilað er. Happdrættisformin eru tvö; Gullnáman sem eru samtengdar vélar með gullpotti og Gullregn sem eru ósamtengdar vélar. Stakir vinningar eru frá 10 krónum og geta farið allt upp í 1 milljón króna. Gullpottur er að lágmarki 1 milljón króna og fer hæst í 17 milljónir króna. Miðaeigandi getur skannað með Happinu og athugað með vinning og leggst fjárhæðin inn á spilareikning viðkomandi í Happinu. Vinningshlutfall í skjávélahappdrættinu er 92% af innri veltu.

Tekjufærsla af skjávélahappdrætti er færð þegar skjávélar eru tæmdar og innborgaðir seðlar í vélarnar eru lagðir inn á banka. Að auki eru tekjufærðir innborgaðir seðlar sem eru í vélunum yfir hver mánaðarmót. Skjávélar eru tæmdar samkvæmt fyrirfram ákveðnu plani. Vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við greidda vinninga hverju sinni.

Skýringar

3. Innlausn tekna, frh.

Hreinar happdrættistekjur greinast þannig:	2025	2024
Rekstrartekjur flokka- og skyndihappdrættis	2.874.051.200	2.897.009.600
Vinningar flokka- og skyndihappdrættis	(1.954.208.500)	(1.984.278.900)
Hreinar happdrættistekjur flokka- og skyndihappdrættis	919.842.700	912.730.700
Hreinar happdrættistekjur skjávélahappdrættis	3.097.501.537	2.981.071.670
	4.017.344.237	3.893.802.370

4. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur samanstanda af húsaleigu, leigu bílastæða, afskrifuðum vinningum og öðrum tilfallandi tekjum.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2025	2024
Laun	229.724.021	184.326.211
Mótframlag í lífeyrissjóð	31.532.153	26.036.053
Launatengd gjöld	19.773.755	15.800.478
	281.029.929	226.162.742

Fjöldi ársverka á árinu 2025 voru 15,25 (2024: 13,66).

Heildarlaun, þóknanir og ágóðahluti stjórnenda greinist þannig:

Forstjóri	31.007.592	30.092.887
Stjórnarlaun	5.595.297	5.559.743
	36.602.889	35.652.630

6. Leyfisgjald

Samkvæmt lögum skal greiða 20% af nettó ársarði af happdrættisstarfsemi í ríkissjóð. Við útreikning á leyfisgjaldi er undanskilinn rekstur á bílastæði á lóð happdrættisins, vaxtatekjur o.fl. Hámark leyfisgjalds er þó 150 milljónir króna á ári.

Á árinu 2025 nam leyfisgjaldið 150 milljónum króna, sama og árið áður.

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur	23.528.340	26.619.187
Gangvirðisbreyting sjóða í stýringu	610.617.378	472.851.936
Arðstekjur	13.467.922	1.242.720
Annar kostnaður vegna verðbréfa	(111.008.534)	(84.704.384)
	536.605.106	416.009.459

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2026. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Fjármagnstekjuskattur er færður til lækkunar á vaxtatekjum og á móti meðal skammtímaskulda.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna markaðsverðbréfa á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

8. Efnislegar eignir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Árslok 2024				
Bókfært verð í ársbyrjun	81.782.121	352.454.751	5.422.314	439.659.186
Viðbót ársins	0	87.076.323	0	87.076.323
Afskriftir	(2.335.379)	(132.022.400)	(1.901.821)	(136.259.600)
Bókfært verð í árslok	79.446.742	307.508.674	3.520.493	390.475.909
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	119.099.208	939.821.285	17.852.961	1.076.773.454
Uppsafnaðar afskriftir	(39.652.466)	(632.312.611)	(14.332.468)	(686.297.545)
Bókfært verð í árslok	79.446.742	307.508.674	3.520.493	390.475.909
Árslok 2025:				
Bókfært verð í ársbyrjun	79.446.742	307.508.674	3.520.493	390.475.909
Viðbót ársins	0	171.372.747	14.976.690	186.349.437
Seldar eða niðurlagðar eignir				0
Afskriftir	(2.333.808)	(111.338.613)	(1.612.456)	(115.284.877)
Bókfært verð í árslok	77.112.934	367.542.808	16.884.727	461.540.469
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	119.099.208	1.111.194.032	32.829.651	1.263.122.891
Uppsafnaðar afskriftir	(41.986.274)	(743.651.224)	(15.944.924)	(801.582.422)
Bókfært verð í árslok	77.112.934	367.542.808	16.884.727	461.540.469
Afskriftarhlutföll	0-3%	10-33%	15%	

Efnislegar eignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs. Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir HHÍ í árslok 2025 voru eftirtaldar:

	Fasteigna-mat, hús	Fasteigna-mat, lóð	Brunabóta-mat	Bókfært verð
Fasteign og lóð - Bíldshöfði 16	101.950.000	24.050.000	173.500.000	36.062.934
Lóð - Tjarnargata 8	0	71.300.000	0	41.050.000
	101.950.000	95.350.000	173.500.000	77.112.934

Áhöld, tæki og innréttingar eru vátryggð fyrir 1.268 m.kr.

Veðsetningar

Á fasteignum HHÍ hvíla engin veð.

Skýringar

9. Eignarhlutir í dótturfélagi

Eignarhlutir í dótturfélagi er 100% eignarhlutur í Húseigninni Steindórsprent ehf., Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík. Nafnverð hlutarins er 12 milljónir króna og meginstarfsemi Húseignarinnar Steindórsprent er fasteignarekstur.

Eignarhlutur í dótturfélagi greinist þannig:	2025	2024
Bókfært verð í ársbyrjun	597.074.006	602.679.176
Hlutdeild í afkomu	9.552.592	(5.605.170)
Bókfært verð í árslok	606.626.598	597.074.006

Af bókfærðu verði í árslok 2025 eru 283 milljónir króna sem er ekki afskrifað þar sem um er að ræða yfirverð við kaup á dótturfélaginu sem útdeilt var á lóð félagsins og er þar af leiðandi ekki afskrifað.

Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi dótturfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í dótturfélögum. Dótturfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 50 og 100% eignarhlut eða hefur bein yfirráð yfir félögunum. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og dótturfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er yfirverð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi dótturfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað dótturfélaginu.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptakröfur	12.264.013	18.377.590
Kröfur vegna greiðslukorta	229.058.475	200.830.200
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.500.000)	(2.334.000)
	239.822.488	216.873.790

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign HHÍ. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum HHÍ.

11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2025	2024
Birgðir af Happaþrennum	8.258.701	8.591.852
Fyrirframgreiddur kostnaður	21.047.526	3.416.061
Virðisaukaskattur	14.122.820	6.374.094
	43.429.047	18.382.007

Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði. Birgðir af Happaþrennum eru færðar á kostnaðarverði við útgáfu þeirra.

Skýringar

12. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf greinast þannig:	2025	2024
Bankainnstæður og lausafjársjóðir	2.662.272.247	386.709.050
Innlend hlutabréf	333.075.687	332.349.307
Erlend hlutabréf	196.803.440	210.468.743
Innlend skuldabréf	4.750.298.409	5.067.129.663
Erlend skuldabréf	98.175.464	103.640.918
	8.040.625.247	6.100.297.681

Markaðsverðbréf er verðbréfaeign á hverjum tíma og eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum HHÍ.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi - þann dag sem HHÍ skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða HHÍ hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds.

Markaðsverðbréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Markaðsverðbréf sem ekki eru skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði eru færð upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspegla gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádregnum kostnaði.

Sjá umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun vegna markaðsverðbréfa í skýringu 18.

13. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

14. Eigið fé

Hlutafé

Happdrættið er ríkisstofnun og ber því ekki hlutafé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll
Hreyfingar 2024	
Staða í ársbyrjun	5.900.153.810
Hagnaður ársins	2.371.204.691
Framlag og greiðslur til Háskóla Íslands	(1.638.000.000)
Staða í árslok	6.633.358.501
Leiðrétt staða sbr.skýring 19	(182.904.000)
Leiðrétt staða í árslok	6.450.454.501
Hreyfingar 2025:	
Staða í ársbyrjun	6.450.454.501
Hagnaður ársins	2.519.019.800
Framlag og greiðslur til Háskóla Íslands	(300.000.000)
Staða í árslok	8.669.474.301

Skýringar

15. Lífeyrisskuldbinding

Til skuldar er færð áætluð hlutdeild HHÍ í eftirlaunaskuldbindingu vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna HHÍ sem voru og eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Til skuldar í ársreikningi HHÍ er um 100% af heildar skuldbindingum vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Þar sem LSR mun ekki geta staðið við þessar skuldbindingar þá lendir það á viðkomandi B hluta ríkisfyrirtækjum og ríkinu sjálfu að standa við skuldbindingarnar. Því er þessi skuldbinding færð upp í bókum HHÍ. Óvissa er hverjar heildargreiðslur HHÍ verða vegna þessa en líklegt er að þær verði á endanum lægri en uppfærð skuldbinding. Óski HHÍ eftir að greiða upp skuldbindinguna þá kæmu 630 milljónir króna til greiðslu.

Eftirlaunaskuldbinding sem hvílir á happdrættinu greinist þannig:	**2025**	**2024**
Fyrrverandi starfsmenn með verðtryggð réttindi	50.385.291	54.253.252
Fyrrverandi starfsmenn með óverðtryggð réttindi	428.232	687.750
Lífeyrisþegar	574.633.078	531.174.640
	625.446.601	586.115.642
Áætlaður kostnaður	4.690.850	4.395.867
	630.137.451	590.511.509
Reiknuð hlutdeild HHÍ í skuldbindingunni 100%	630.137.451	590.511.509

Áhrif skuldbindingarinnar á rekstur HHÍ er færður í rekstrarreikning og greinist þannig:

Greiðslur til lífeyrissjóðs	50.861.765	44.577.113
Reiknuð breyting á eftirlaunaskuldbindingu	39.625.942	(80.167.905)
	90.487.707	(35.590.792)

16. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar HHÍ eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í HHÍ. Engin viðskipti voru við tengda aðila á árinu.

17. Aðrar upplýsingar

Tekjuskattur
HHÍ er undanþegið greiðslu tekjuskatts.

Leigusamningur
HHÍ er með leigusamning við Heimar atvinnuhúsnæði ehf. fyrir leigu á Dvergshöfða 2. Samningurinn er til 10 ára og lýkur 31. maí 2032 og er leigan vísitölutengd. Samningurinn er þó uppsegjanlegur í fyrsta lagi 1. apríl 2026 með 12 mánaða uppsagnarfresti vegna hvers kyns ákvarðana ríkisvaldsins sem hefðu umtalsverð neikvæð áhrif á tekjustreymi HHÍ. Heildarleigugreiðslur ársins 2025 námu 34,9 m.kr og eru færðar í rekstrarreikningi meðal annars rekstrarkostnaðar.

Ónúvirt skuldbinding vegna leigusamninga í lok ársins greinist með eftirfarandi hætti:

Leigugreiðslur árið 2026	35.617.644
Leigugreiðslur árið 2027	35.617.644
Leigugreiðslur árið 2028	35.617.644
Leigugreiðslur árið 2029	35.617.644
Leigugreiðslur árið 2030	35.617.644
Leigugreiðslur síðar	50.458.329
	228.546.549

Skýringar

17. Aðrar upplýsingar, frh.

Þóknun endurskoðanda

Þóknun endurskoðanda skiptist þannig:	2025	2024
Þóknun vegna endurskoðunar	4.369.243	5.130.679
Þóknun vegna annarrar vinnu	762.538	1.808.448
	5.131.781	6.939.127

18. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Áhættuþættir sem tengjast varðveislu og ávöxtun markaðsverðbréfa eru helst vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi markaðsverðbréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur HHÍ í varðveislu markaðsverðbréfa telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar HHÍ sem markar fjárfestingastefnu.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu HHÍ setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur HHÍ tryggt fjölbreytni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja þess. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Í árslok 2025 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

	Kvika	Íslensk verðbréf	Fossar	Íslandsbanki
Innlán - peningamarkaðsinnlán	0,7%	6,7%	61,0%	100,0%
Skuldabréf	94,0%	70,4%	39,0%	0,0%
Hlutabréf	5,3%	23,0%	0,0%	0,0%
- þar af innlend hlutabréf	4,5%	12,3%	0,0%	0,0%
- þar af erlend hlutabréf	0,8%	10,6%	0,0%	0,0%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í hærra gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gengi skuldabréfa.

Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um kr. 283 milljónir.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði hlutabréfa þýðir breyting á eignasafninu um kr. 26,5 milljónir.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

HHÍ er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum og sjóðum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerninganna.

Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunar þýðir breyting á eignasafninu um kr. 15,2 milljónir.

Skýringar

19. Breytingar á samanburðarfjárhæðum í efnahagsreikningi

Breytingar voru gerðar á samanburðarfjárhæðum efnahagsreiknings 31.desember 2024. Höfuðstóll lækkaði um 182.9 milljónir króna og fyrirfram innheimtar tekjur hækkuðu um sömu fjárhæð samanber skýring 14.

20. Atburður eftir lok reikningsskiladags

Breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi ráðstöfunar hagnaðar HHÍ. Í stað beinna framlaga til Háskóla Íslands mun HHÍ framvegis veita FHÍ (Fasteignafélagi Háskóla Íslands) lán til fjármögnunar uppbyggingar Háskóla Íslands. Þann 23.desember 2025 var undirritaður lánasamningur milli HHÍ og FHÍ. Samvkæmt samningnum myndi HHÍ lána FHÍ sex milljarða króna og fá skuldabréf í staðinn. HHÍ millifærði fjárhæðina á reikning ríkissjóðs í janúar 2026.